

Styrkveitingar Kynningarmiðstöðvarinnar 2008

Fagrað Kynningarmiðstöðvarinnar hefur nú farið yfir þær 47 umsóknir sem bárust um stærri styrki. Í fagraðinu eiga sæti Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reyjavíkur og Rúri, myndlistarmaður. Formaður nefndarinnar er Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvarinnar. Gestir nefndarinnar að þessu sinni voru Kristín Guðnadóttir, forstöðumaður Listasafns Así og Markús Þór Andrésson, sýningastjóri.



400 þúsund króna styrk hlutu að þessu sinni:

Gjörningaklúbburinn (Eirún Sigurðardóttir, Jóni Jónsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir) vegna þátttöku þeirra í Alþjóðlega tvíæringnum "10 days on the Island" í Hobart, höfuðborg Tasmaníu í Ástralíu, 25.mars til 5. Apríl 2009. Sýning Gjörningaklúbbsins verður í CAST gallery, einu fremsta nútímalistagalleríi Tasmaníu. Gjörningaklúbburinn var nýlega með yfirlitssýningu í Listasafni Reykjavíkur og hefur verið ötull við sýningar erlendis. Sýningin í Tasmaníu er mjög gott tækifæri fyrir Gjörningaklúbbinn á nýjum slóðum.

Birta Guðjónsdóttir, vegna sýningar á verkum Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur, Haraldar Jónssonar og Hreins Friðfinnssonar á samsýningu íslenskra og japanskra listamanna í Ise Foundation í New York. Birta er listmaður og sýningarstjóri.

Halldór Ásgeirsson vegna útgáfu listaverkabókar um verk sín og listamannsins Paul Armand Gette. Halldór hefur aðallega unnið verk sín út frá hraunbræðslu. Hraunið ummyndast í svartan glerung við logsuðu sem hann tengir síðan við önnur efni og hugmyndir.

Kling & Bang gallerí vegna þáttöku í Frieze Projects /commission á Frieze Art fair í London í September 2008. Frieze er ein mikilvægasta myndlistarkaupstefnan í dag. Þátttaka í Frieze er einstakt tækifæri fyrir listamenn að koma sér á framfæri og á óneitanlega eftir að nýttast Kling & Bang gallerí í að koma á framfæri íslenskum listamönnum.

200 þúsund króna styrk hlutu:

Katrín Elvarsdóttir vegna einkasýningar sinnar í Point of view Gallery í Chelsea í New York í maí 2009.

Sigga Björk Sigurðardóttir og Hlaðgerður Íris Björnsdóttir vegna þáttöku í "Tomorrow always belongs to us" samsýningu Norrænna málara í Götaborgs Kunsthall í Svíþjóð 30.maí til 6.júní 2008.

Magnús Árnason vegna þáttöku í LISTE - The Young Art Fair í Basel í Swiss í júní 2008. og LISTE í Basel er haldið samhliða myndlistakaupstefnunni í Basel sem er í hópi mikilvægustu kaupstefna í dag.

Ein milljón króna deilast milli íslensku þátttakendurna í evrópska tvíæringnum Manifesta 7 í Trentino Aldige á Ítalíu 19.júlí til 2.nóvember næstkomandi.

Ólafur Ólafsson & Libia Castro / Margrét Blöndal / Ragnar Kjartansson

Listamennirnir munu vinna verk sérstaklega fyrir aðalsýningu Manifesta, sem að þessu sinni er undir stjórn pólska sýningarstjórans Adam Budak og ber titilinn "Principle of Hope" .

90 þúsund króna inneign hjá Iceland Express hlutu:

Ransú, Guðrún Vera Hjartardóttir, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson, Hlynur Hallsson og Þorvaldur Þorsteinsson vegna sýningar sinnar "Equivalence" í Rupe Museum í Dubrovnik í Króatíu í júlí 2008.

Kling & Bang gallerí vegna þáttöku í Frieze Projects í London í September 2008

30 þúsund króna inneign hjá Iceland Express hlutu:

Ingunn Fjóla Eypórsdóttir vegna einkasýningar í Cuxhaven Kunstverein í Þýskalandi.

The Weird Girls Project vegna sýningar í London.

Hulda Rós Guðnadóttir vegna upptöku á myndbandsverki í Berlín í Þýskalandi.

Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir vegna einkasýningar í Premier Regard í fimmta hverfinu í París í september/október 2008.